

Hlutabrottnám neðri kjálka

Í aðgerðinni er hluti af neðri kjálka fjarlægður og hann byggður aftur upp með beini og vöðva. Flípi með beini, vöðva og húð er tekinn af framhandlegg eða fótlegg og græddur í munnbotn í stað þess hluta kjálkans sem er fjarlægður. Húð er tekin af læri og sett yfir sár á framhandlegg eða fæti. Mögulega eru málmplata eða skrúfur settar í framhandlegg eða fótlegg til stuðnings við beinið sem tekið var af. Barkaraufartúbu (tracheostomy) er yfirleitt komið fyrir í gegnum skurð neðst á hálsinum í aðgerðinni og höfð tímabundið. Aðgerðin er framkvæmd í svæfingu og í samstarfi háls-, nef-, og eyrnalækna, lýtalækna og stundum kjálkaskurðlækna.

Blóðþynningarlyf

Ef breyta eða stöðva þarf blóðþynningarmeðferð fyrir aðgerð er það gert í samráði við skurðlækni.

Náttúru- og fæðubótarefni

Ráðlagt er að hætta notkun allra náttúru- og fæðubótarefna tveimur vikum fyrir aðgerð þar sem þau geta haft blóðþynnandi áhrif. Óhætt er að taka áfram inn fjölvítamín.

Næring

Gott næringarástand flýtir fyrir bata og getur minnkað líkur á fylgikvillum aðgerðar. Gott er því að borða næringarríkan mat, taka inn fjölvítamín og drekka orkuríka næringardrykki dagana fyrir aðgerðina.

Tóbaksnotkun og rafrettur

Reykingar, nef- og munntóbaksnotkun og nikótín í rafrettum hafa áhrif á bata eftir skurðaðgerð og geta seinkað því að sár grói og aukið hættu á fylgikvillum aðgerðar. Því er mikilvægt að hætta tóbaksnotkun 6-8 vikum fyrir aðgerð og vera tóbakslaus í að lágmarki tvær vikur eftir aðgerð. Þeir sem nota tóbak eru hvattir til að hætta og geta leitað aðstoðar á heilsugæslustöðvum eða á www.heilsuvera.is (netspjall, símaráðgjöf og fræðsluefni).

Aðstæður heima

Ef aðstæður heima fyrir eru þannig að þörf er á aðstoð eftir útskrift, er gott að huga að því fyrir eða strax við innlögn. Hjúkrunarfræðingar geta aðstoðað við að fá dvöl á sjúkrahóteli, heimilishjálp og/eða heimahjúkrun.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Innskrift

Þegar aðgerðardagur nálgast er sjúklingur boðaður í innskrift á innskriftarmiðstöð á göngudeild skurðlækninga B3 á Landspítala í Fossvogi. Hafa þarf með öll lyf og fæðubótarefni sem tekin eru daglega eða lyfjakort. Þar fer fram viðtal við hjúkrunarfræðing, lækni háls-, nef- og eyrnalækninga og svæfingalækni. Spurt verður um heilsufar, gerð lækni skoðun og fræðsla veitt um undirbúning fyrir aðgerðina. Gera þarf ráð fyrir að innskriftin taki 3–4 klukkustundir.

Rannsóknir

Tekið er blóðsýni og gerðar fleiri rannsóknir ef þörf er á svo sem myndataka af kjálka, hjartalínurit og röntgenmynd af lungum.

Öndunaræfingar

Öndunar- og fótæfingar eru mikilvægir þættir í bataferlinu. Sjúkraþjálfari kennir æfingar eftir aðgerðina.

Lyf og ofnæmi

Mikilvægt er að láta vita um ofnæmi fyrir lyfjum eða öðru.

Kvöldið fyrir aðgerð

Blóðþynningarlyf

Blóðþynningarlyf er gefið með sprautu undir húð kvöldið fyrir aðgerð til að minnka hættu á myndun blóðtappa. Margir kjósa að gefa sér sprautuna sjálfir og fá þá leiðbeiningar þess efnis.

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefns kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te. Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir komu á spítalann.

Sóttþreinsandi sturta

Ef þein verður flutt í aðgerðinni er nauðsynlegt að fara í sturtu heima kvöldið fyrir aðgerð og nota sérstaka sóttþreinsandi sápu sem var afhent í innskriftarviðtali. Ekki má nota svitalyktareyði, krem, förðunarvörur, naglalakk, ilmefni eða skartgripni eftir sturtuna og klæðast þarf hreinum fötum. Setja þarf hrein rúmföt á rúm áður en farið er í sturtu.

Gott er að hafa með sér snyrtivörur, tannbursta, innískó, slopp, þægileg föt og afþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausa hringingu.

Aðgerðardagur

Mæting er á dagdeild A5 á 5. hæð Landspítala í Fossvogi á umsómdum tíma að morgni aðgerðardags.

Sturta

Ef farið var í sóttþreinsandi sturtu kvöldið fyrir aðgerð þarf að endurtaka hana við komu á deild. Aðrir fara í hefðbundna sturtu heima áður en komið er á spítalann. Ekki má nota svitalyktareyði, krem, förðunarvörur, ilmefni eða skartgripni eftir sturtuna.

Aðgerð

Fyrir aðgerðina þarf að vera búið að undirrita samþykki fyrir aðgerð og svæfingu. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Til að tryggja öryggi er endurtekið spurt um mikilvæg atriði svo sem nafn, kennitölu, ofnæmi, föstu og tegund aðgerðar. Þegar komið er á skurðstofu fer fram frekari undirbúningur fyrir aðgerðina. Á skurðstofu eru settir upp æðaleggir sem notaðir eru við lyfja- og vökvagjöf. Einnig er settur þvagleggur í þvagblöðru. Aðgerðin er gerð í svæfingu og tekur að minnsta kosti fjórar klukkustundir. Skurðlæknir hefur samband við aðstandanda að aðgerð lokinni ef þess er óskað.

Eftir aðgerð

Eftir aðgerð dvelur sjúklingur á gjörgæsludeild til næsta dags en þá fer hann á legudeild. Nánustu aðstandendur mega heimsækja sjúkling í samráði við starfsfólk gjörgæsludeildar.

Verkir

Verkjalyf eru gefin eftir þörfum. Búast má við særindum í hálsi og óþægilegt getur verið að kyngja fyrst eftir aðgerð. Verkur getur lýst sér sem þrýstingstilfinning og stífleiki í vöðvum á aðgerðasvæðinu. Sjúklingur metur styrk verkja á verkjakvarða þar sem 0 þýðir enginn verkur og 10 gríðarlegir verkir eða verstu hugsanlegu verkir. Ef verkur er til staðar þrátt fyrir verkjalyf er mikilvægt að láta vita. Markmiðið er að vera vel verkjastilltur, geta hreyft sig með góðu móti og andað djúpt.

0

Engir
verkir

1

2

Vægir
verkir

3

4

Miðlungs
verkir

5

6

Miklir
verkir

7

8

9

Gríðarlegir
verkir

10

Öndun

Barkaraufartúbu er stundum komið fyrir í aðgerðinni og hún höfð fyrstu dagana eftir aðgerð til að halda öndunarvegi opnum og flýta fyrir að skurðir grói. Fylgst er með barkaraufartúbu og slímmyndun í öndunarferum. Ef slím safnast fyrir sem erfitt er að losa sig við með hósta, þarf að láta starfsfólk vita sem þá soga slímið í burtu með grönnum legg.

Öndunaræfingar eru nauðsynlegar til að minnka hættu á lungnabólgu og mikilvægt er að gera þær eftir leiðbeiningum sjúkrahjálfa. Mikilvægt er að láta vita ef vart verður við andþyngsli eða óþægindi við öndun.

Tjáskipti

Meðan barkaraufartúba er til staðar getur þurft að nota blöð, myndabók sem til eru á deildinni, eða snjalltæki til tjáskipta. Vegna dofa og máttleysis á kjálkasvæði eftir aðgerðina, getur þurft að nota slík hjálpargögn til tjáskipta fyrst um sinn. Algengt er að finna fyrir dofa í efri og neðri kjálka, tannholdi, neðri vör og tungu eftir aðgerð. Þessi einkenni minnka með tímanum en hverfa sjaldnast að fullu.

Matur og drykkur

Fyrstu 7-10 dagana þarf yfirleitt að fasta á mat og drykk. Á þeim tíma er gefin næring í æð og um slöngu sem liggur niður í maga um nef. Þegar byrja má að borða aftur er farið rólega af stað og byrjað á fljótandi fæði og síðan maukuðu fæði. Einstaklingsbundið er hvernig gengur að borða. Næringardrykkir eru boðnir á milli mála. Ekki má nota sogrör vegna sauma í munn og forðast þarf heita drykki og súpur fyrstu dagana eftir aðgerð. Fyrir útskrift veitir næringarfræðingur viðtal og ráðleggingar. Fylgst er með breytingum á þyngd vegna hættu á vannæringu.

Skurðsár

- **Sár í munnholi:** Saumar í munn sem halda ágrædda flípanum stöðugum eyðast af sjálfu sér. Flípinn er mjög viðkvæmur meðan hann er að festast við nýtt svæði og þolir þess vegna ekkert tog, þrýsting eða álag. Fylgst er nákvæmlega með blóðflæði til flípa fyrstu sólarhringana. Bursta þarf tennurnar með litlum mjúkum tannbursta og skola munn með munnskoli þrisvar á dag. Til að minnka hættu á sýkingu er mikilvægt að skola munninn með hreinu vatni eftir máltíðir.
- **Sár á kjálkasvæði:** Búast má við að finna fyrir dofa í neðri kjálka, tannholdi, neðri vör og tungu eftir aðgerðina. Ekki má raka skegg fyrr en saumar hafa verið fjarlægðir og aðeins má nota rafmagnsrakvél (ekki sköfu) til að minnka hættu á að nýja húðin skaðist. Drenslanga liggur út um húð á hálsi til að hleypa út blóði og vökva sem safnast í sárabeð og er hún höfð í nokkra daga. Gæta þarf þess að ekki komi tog á slönguna. Talsverð bólga er á skurðsvæðinu og er hún mest fyrstu tvo sólarhringana.
- **Húðtökusvæði á læri:** Fylgst er með umbúðum og sári.
- **Sár á framhandlegg eða fótlegg:** Ef sett hefur verið málplata eða skrúfur á framhandlegg er sett gifs á handlegg í aðgerðinni. Ef vöðvi og bein var tekið af fótlegg þarf að forðast áreynslu og ekki má stíga í fótinn fyrst um sinn. Búast má við að tilfinning í húðinni sé önnur en hún var og að finna fyrir dofa fyrst um sinn.

Hreyfing

Hreyfing er mikilvæg eftir aðgerð til að flýta fyrir bata og minnka hættu á myndun blóðtappa. Forðast þarf þrýsting og hliðarhreyfingar á háls og gæta þess að hafa hækkað undir höfði til að minnka bólgu á skurðsvæði. Starfsfólk deildar og sjúkrapjálfari aðstoðar sjúkling við að fara fram úr þar til hann er sjálfbjarga. Mikilvægt er að gera fóttaefingar og breyta um stöðu í rúminu þess á milli.

- Ef flipi er tekinn af handlegg má fara fram úr rúmi daginn eftir aðgerð.
- Ef flipi er tekinn frá fótlegg er nauðsynlegt að vera rúmliggjandi í fimm daga en fara má á salerni í hjólastól.

Andleg líðan

Búast má við breytingum á andlegri líðan í tengslum við veikindi. Starfsfólk er reiðubúið að ræða við sjúkling og fjölskyldu um líðan þeirra. Einnig er hægt að fá viðtal við prest, djákna eða sálfræðing.

Útskrift

Útskrift er áætluð 10-14 dögum eftir aðgerð og fer það eftir eðli og stærð aðgerðar. Ef fylgikvillar koma fram eftir aðgerð, getur það lengt dvölinu á spítalanum. Mögulegir fylgikvillar eru til dæmis skert blóðflæði til flipa, sýking, blæðing og/eða bólga í skurðsvæði.

Fyrir útskrift þarf að vera búð að fá:

- Útskriftarfræðslu
- Lyfseðil í Lyfjagátt fyrir verkjalyfjum
- Endurkomutíma hjá lækni
- Viðtal við næringarfræðing

Útskriftarfræðsla

Verkir

Lyfseðill fyrir verkjalyfjum er sendur rafrænt í apótek. Búast má við að finna fyrir verkjum í skurðsvæði fyrst eftir heimferð. Sjá fylgiblað um verkjameðferð eftir skurðaðgerð.

Skurðsár

- **Sár í munnholi:** Saumar í munnholi eyðast af sjálfu sér. Gæta þarf vel að munnhirðu og nota munnskol áfram í sex vikur eftir aðgerð en fara þarf varlega við tannburstun. Ágrædda húðin hefur aðra áferð heldur en slímhúð í munni.
- **Sár á kjálkasvæði:** Búast má við að finna fyrir dofa í neðri kjálka, tannholdi, neðri vör og tungu eftir aðgerðina. Við rakstur ætti því að nota rafmagnsrakvél í stað sköfu. Þó má ekki byrja rakstur fyrr en saumar hafa verið fjarlægðir. Sauma utan á kjálka þarf að fjarlægja og er það ýmist gert á deild eða í endurkomutíma hjá lækni.
- **Sár á læri, framhandlegg eða fótlegg:** Ef málmplata eða skrúfur hafa verið settar á framhandlegg er gífs haft á handleggnum í tvær vikur eftir aðgerð, annars í 6-8 vikur. Bera þarf þunnt lag af vaselíni eða öðru rakagefandi feitu kremi á húðtökusvæðið í að minnsta kosti sex vikur og allt að þrjú mánuði og jafnvel lengur ef húð er þurr. Ef vöðvi og bein voru tekin af fótlegg þarf að forðast mikla áreyntu í sex vikur. Búast má við að tilfinning í húðinni sé önnur en hún var og vart getur orðið við dofa. Litabreyting getur orðið á húðinni en hún getur gengið til baka að einhverju leyti.

Skurðsár eru viðkvæm fyrir sterku sólarljósi í allt að 12 mánuði eftir aðgerð og því mikilvægt að verja þau fyrir sólarljósi.

Mataræði

Næringarfræðingur ráðleggur um mataræði eftir útskrift í samráði við lækna. Vegna breytinga sem verða á kjálka og munnholi og dofa á skurðsvæði eftir aðgerðina getur tekið tíma að ná aftur tökum á að borða og drekka. Gæta þarf þess að hafa matinn fjölbreyttan og næringarríkan og fylgja ráðleggingum næringarfræðings. Ráðlagt er að fylgjast reglulega með líkamsþyngd því hætta er á þyngdartapi. Einnig er ráðlagt að drekka úr glasi. Ekki má nota sogrör því sogkrafturinn getur losað um sauma í skurðsárum.

Hreyfing

Forðast þarf mikla áreyntu og íþróttir í sex vikur eftir aðgerð. Eðlilegt er að finna fyrir þreytu fyrstu vikurnar eftir aðgerðina. Gönguferðir eru góður kostur til að byggja upp þrek.

Andleg liðan

Algengt er að finna fyrir kvíða og óöryggi í kjölfar veikinda og skurðaðgerðar sem snertir útlit eins og þessa. Oft hjálpar að tala við sína nánustu eða ræða við fagfólk um það sem veldur áhyggjum. Aðferðir eins og tónlist, slökun og gönguferðir geta dregið úr andlegri vanlíðan en ef kvíði og drungi verða viðvarandi er ráðlagt að leita aðstoðar, til dæmis hjá heimilislækni.

Vinna

Vinnu má hefja í samráði við lækni. Veikindavottorð eru afgreidd í endurkomutíma.

Vandamál tengd aðgerðinni

Ef upp koma vandamál sem tengjast aðgerðinni má hafa samband við göngudeild á dagvinnutíma, leita beint til bráðamóttöku eða hafa samband við þann lækni sem sér um eftirmeðferðina. Hægt er að hafa samband við næringarfræðing í síma 543 8419 á dagvinnutíma.

Hafa þarf samband við deild A4, göngudeild B3 eða bráðamóttöku ef eftirfarandi hættumerki koma fram fyrstu tvær vikurnar eftir aðgerð:

- Líkamshiti er hærri en 38,5°C
- Verkir í eða kringum skurðsvæði minnka ekki við verkjalyf
- Aukin bólga eða roði er á aðgerðarsvæði
- Illa gengur að nærast og halda þyngd

Í bráðatilvikum er ráðlagt að leita á bráðamóttöku eða hringja í 112.

Símanúmer

Göngudeild skurðlækninga B3, opin virka daga kl. 08:00-16:00	543 2060
Dagdeild A5, opin virka daga kl. 07:00-22:00	543 7570
HNE, lýta- og æðaskurðdeild A4	543 7354

Sjúklingum og aðstandendum er velkomid að hringja á deildina ef spurningar vakna.

Verkjameðferð eftir skurðaðgerð

Verkir

Flestir finna fyrir verkjum eftir skurðaðgerð. Oftast er um að ræða verki sem tengjast skurðsvæði. Mismunandi er hvernig fólk upplifir verki og þarf verkjameðferð að taka mið af reynslu hvers og eins. Mikilvægt er að draga úr verkjum eins og kostur er því verkir geta seinkað bata.

Verkjalýf

Taka á verkjalýf samkvæmt ráðleggingum. Yfirleitt er heppilegast að taka verkjalýf reglulega yfir daginn. Ekki er æskilegt að bíða eftir því að verkir verði slæmir áður en lyfin eru tekin. Erfiðara er að ná stjórn á verkjum ef þeir verða slæmir. Ef verkir eru enn til staðar þrátt fyrir að verkjalýf séu tekin reglulega má taka verkjalýf til viðbótar samkvæmt ráðleggingum. Smám saman er dregið úr töku lyfjanna með því að minnka skammta eða taka lyfin sjaldnar. Ráðlagt er að hætta fyrst töku sterkra verkjalýfja (t.d. tramadol, oxycodone). Síðan er dregið úr töku annarra verkjalýfja. Ef þörf er á lyfseðilsskyldum verkjalýfjum er lyfseðill sendur rafrænt í apótek.

<p>Verkjalýf tekin reglulega:</p> <p>Lyf: Skammtur: Hversu oft á að taka lyfið?</p> <p>Lyf: Skammtur: Hversu oft á að taka lyfið?</p>	<p>Viðbótar-verkjalýf:</p> <p>Lyf: Skammtur: Hversu oft má taka lyfið?</p>
--	---

Algengar aukaverkanir verkjalýfja

Aukaverkanir eru mismunandi eftir lyfjum. Algengt er að finna fyrir hægðatregðu og ýmiss konar óþægindum í maga. Ekki er víst að allir finni fyrir þessum einkennum.

Hægðatregða

Vinna má gegn hægðatregðu með því að drekka glas af sveskjusafa að morgni, borða gróft kornmeti, grænmeti og þurrkaða ávexti. Einnig er hægt að kaupa trefjahylki eða duft í apóteki eða matvöruverslun. Nauðsynlegt er að drekka um það bil 1,5 lítra af vökva á dag. Hægt er að kaupa hægðalyf án lyfseðils í apóteki.

Magaóþægindi

Æskilegt er að taka lyfin með glasi af vatni eða máltíð. Fólki sem hefur fengið magasár eða magabólgu þarf að ráðfæra sig við lækni áður en bólgueyðandi verkjalyf eru notuð.

Slævandi áhrif

Sum verkjalyf skerða aksturshæfni og því má ekki aka bíl á meðan þeirra er þörf.

Önnur verkjameðferð

Aðferðir sem hafa reynst vel eru slökun, að hlusta á tónlist og dreifa athyglinni. Ekki er æskilegt að nota heita eða kalda bakstra á skurðsár meðan það er að gróa, nema í samráði við heilbrigðisstarfsmann.